

**From:** [Suðurrhálendi](#)  
**To:** [Suðurrhálendi](#)  
**Subject:** Svæðisskipulag Suðurrhálendis, tillaga til kynningar. Óskað er eftir umsögn ...  
**Date:** föstudagur, 13. janúar 2023 17:43:40

---

Ágæti viðtakandi.

Þessi tölvupóstur er sendur á sveitarfélögin sem að svæðisskipulaginu standa.

Svæðisskipulagsnefnd um svæðisskipulag Suðurrhálendis hefur samþykkt greinargerð og umhverfisskýrslu Svæðisskipulags Suðurrhálendis til kynningar skv. 2. mgr. 23. gr. skipulagslaga og 13. og 14. gr. laga um umhverfismat áætlana og framkvæmda. Tillögunni fylgir greinargerð um landslagsgreiningu fyrir Suðurrhálendi, sem er fylgirit svæðisskipulagsins.

Skipulagssvæðið nær yfir hálendissvæði níu sveitarfélaga á Suðurlandi en þau eru Skaftárhreppur, Mýrdalshreppur, Rangárþing eystra, Rangárþing ytra, Ásahreppur, Skeiða- og Gnúpverjahreppur, Hrunamannahreppur, Bláskógabyggð og Grímsnes- og Grafningshreppur. Auk þeirra taka sveitarfélögin Flóahreppur og Árborg þátt í verkefninu.

Viðfangsefni skipulagsvinnunnar er mótun framtíðarsýnar og stefnumörkun fyrir Suðurrhálendið um sterka innviði, umhyggju fyrir auðlindum, ábyrga nýtingu auðlinda, aðgerðir fyrir loftslagið og góða samvinnu.

Greinargerð til kynningar ásamt umhverfisskýrslu má finna á vef SASS, <https://www.sass.is/sudurhalendi/> undir flípanum „Vinnslutillaga“. Fylgirit um landslagsgreiningu er undir samnefndum flípa.

**Svæðisskipulagstillaga er nú kynnt fyrir umsagnaraðilum og er óskað eftir því að umsögnum sé skilað á netfangið [sudurhalendi@sass.is](mailto:sudurhalendi@sass.is) fyrir 12. febrúar 2023.**

Svæðisskipulagsnefnd Suðurrhálendis